



Borgarráð

Hlemmtorg norður og Borgarlína um Hlemm

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að hefja innkaupaferli vegna framkvæmda við Hlemmtorg og Borgarlínu um Hlemm.

Gert er ráð fyrir að hefja framkvæmdir í apríl 2026 og er stefnt að því þeim verði lokið fyrir árslok 2027.

Kostnaðaráætlun er 1.190 m.kr., þar af er áætlaður kostnaður Reykjavíkurborgar 500 m.kr.

Greinargerð:

Framkvæmdin felst í:

Endurgerð á gatnamótum Snorrabrautar og Hverfisgötu, ásamt endurgerð á götukafli á Snorrabraut á milli Bríetartúns að Hverfisgötu.

Gerð torgsvæðis norðan borgarlínuáss og gerð torgsvæðis sunnan borgarlínuáss frá Snorrabraut og austur fyrir Hlemm mathöll.

Gerð borgarlínu um torgsvæði Hlemms auk uppsetningar tveggja biðstöðva Borgarlínu á Hlemmsvæði.

Endurnýjun fráveitulagna, vatnsveitu- og hitaveitulagna, raflagna, fjarskiptalagna og umferðarljósa.

Um er að ræða sameiginlegt framkvæmdaútböð með Betri samgöngum og Veitum.

Kostnaðarstaðir: 3105

Kostnaðaráætlun: 1.190 m.kr.

Guðni Guðmundsson, skrifstofustjóri
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa framkvæmda og fasteignaþjónusta

Hjálagt:

- Kynning




HLEMMTORG NORÐUR OG BORGARLÍNA UM HLEMM

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ




Verkmörk



- Afmörkun vinnusvæðis 
- Borgarlínuakbraut 



VERKÁFANGAR






Lýsing á framkvæmd

- Framkvæmdin felst í:
 - Endurgerð á gatnamótum Snorrabrautar og Hverfisgötu
 - Endurgerð á götukafla á Snorrabraut á milli Bríetartúns að Hverfisgötu
 - Gerð torgsvæðis norðan borgarlínuáss
 - Gerð torgsvæðis sunnan borgarlínuáss frá Snorrabraut og austur fyrir Hlemm mathöll
 - Gerð borgarlínu um torgsvæði Hlemms auk uppsetningar tveggja biðstöðva Borgarlínu á Hlemmsvæði
 - Endurnýjun fráveitulagna, vatnsveitu- og hitaveitulagna, raflagna og fjarskiptalagna
 - Endurnýjun umferðarljósa
- Um er að ræða
 - Upprif og förgun á núverandi yfirborði, jarðvegsskipti og lagningu veitumiðla
 - Yfirborðsfrágangur verður með malbiki, hellulögn og gróðurbeð ásamt almennum götugögnum
- Sameiginlegt framkvæmdaútboð með Betri samgöngum, Veitum, Ljósleiðaranum og Mílu



Yfirborðsfrágangur



- Hönnun svæðisins er í samræmi við yfirborðsfrágang á Hlemmtorgi



Kostnaður og verktími

- Verkkaupar:
 - Reykjavíkurborg 42%
 - Betri samgöngur 34%
 - Veitur 24%
 - Ljósleiðarinn og Míla <1%
- Kostnaðaráætlun: 1.190 m.kr.
Í flokki 2 skv. kostnadur.is
- Hlutur Reykjavíkurborgar: 500 m.kr.
- Áætlaður framkvæmdatími
 - Apríl 2026 – Desember 2027



Markmið og stefna



- Skapa ramma um fjölbreytt mannlíf á torginu, skapa skjól og spennandi dvalarsvæði fyrir börn og fullorðna
- Styrkja almennings-samgöngur
- Gróðurvæða svæðið og nýta blágrænar ofanvatnslausnir



Reykjavík